

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996 - 2016, Bleikjukvísl nr. 10.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 12. júní 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin varðar Bleikjukvísl 10 þar sem svæði sem nú er skilgreint sem útivistarsvæði til sérstakra nota breytist í stofnanasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkurborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 12. júní 2002.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

\_\_\_\_\_  
*Sigríður Auður Arnardóttir.*